



Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 25. febrúar 2022

Efni: Umsögn Sjúkratrygginga Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, með síðari breytingum (tannlækningar og tannréttingar vegna afleiðinga meðfæddra galla), 40. mál.

Vísað er til erindis frá nefndasviði Alþingis dags. 11.2.2022, þar sem framangreint frumvarp var sent til umsagnar.

Í lögum um sjúkratryggingar nr. 112/2008 er Sjúkratryggingum Íslands (SÍ) falið að annast framkvæmd sjúkratrygginga. Þá semur SÍ og greiðir endurgjald fyrir heilbrigðisþjónustu samkvæmt framangreindum lögum í samræmi við stefnumörkun ráðherra á hverjum tíma.

Eftirfarandi athugasemdir eru gerðar við framangreint frumvarp:

1. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að núverandi löggjöf tryggi ekki með nægjanlegum hætti að allir þeir sem fæðast með skarð í vör eða klofinn góm njóti stuðnings frá sjúkratryggingum til að greiða niður kostnað vegna viðhlítandi tannlækninga og tannréttinga.

Í þessu samhengi benda SÍ á 1. tl. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 451/2013 um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði sjúkratryggða við tannlækningar, með síðari breytingum. Þar er greiðsluþátttaka SÍ tryggð þegar um ræðir skarð í efri tannboga eða klofinn góm, harða eða mjúka, þegar fram hefur farið mat á vanda umsækjanda hjá Tannlæknadeild Háskóla Íslands (THÍ) og meðferð talin nauðsynleg og tímabær. Afnáam alvarleikaskilyrðis 1. mgr. 20. gr. laga um sjúkratryggingar nr. 112/2008, og þeirrar kröfu að um nauðsynlegar tannlækningar sé að ræða, gæti leitt til þess að SÍ væri skylt að taka þátt í greiðslu ónauðsynlegra meðferða barna með skarð í efri tannboga eða klofinn góm. Telja yrði það varhugaverða þróun, sérstaklega þegar horft til er hagsmuna barnanna, en ekki getur talist rétt að leggja það á börn að undirgangast erfiða meðferð sem ekki telst nauðsynleg.

2. Í greinargerð með frumvarpinu segir að börn sem fæðast með klofinn góm og/eða skarð í vör þurfi að ganga í gegnum miklar þrautir. Það sé því óboðlegt



**Sjúkratryggingar
Íslands**

að hið opinbera geri þeim enn þá erfiðara fyrir. Þess vegna sé lagt til að sjúkratryggingar taki til tannlækninga og tannréttinga vegna meðfæddra galla óháð alvarleika þeirra og hvort meðferð teljist nauðsynleg.

SÍ ítreka að öll börn sem fæðast með skarð fá greiðsluþátttöku í tannlækningum og tannréttingum ef THÍ hefur metið meðferð nauðsynlega og tímabæra. Þá skal einnig bent á að það er hlutverk SÍ að gæta þess að sambærileg mál fái sambærilega úrlausn hjá stofnuninni og þannig gæta að jafnræðisreglu stjórnslulaga nr. 37/1993. Ef ekki yrði litið til alvarleikaskilyrðis og/eða nauðsynjar við úrlausn mála þeirra barna sem eru með skarð í efri tannboga eða klofinn góm væri það mismunun í garð barna með sjúkdóma í munnholi og barna sem hafa lent í slysum. Vandí þeirra barna er oft og tíðum meiri en barna sem eru með skarð í góm en búa ekki við varanlegar afleiðingar. Til að gæta að jafnræðisreglu stjórnslulaga sem og ákvæðum Barnasáttmálans þá þyrftu sambærileg ákvæði að gilda um þessa hópa.

Virðingarfyllst,

Vaka Hafþórsdóttir, lögfræðingur
Tryggingadeild, Réttindasvið